

BORGARRÁÐ 7. febrúar 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um innviðagjöld - R19020080

Talið er að innviðagjöld séu einkaréttarlegir samningar milli Reykjavíkurborgar og kaupanda lóða/lóðarhafa. Óskað er eftir öllum gögnum tæmandi talið sem borgin á varðandi þá ákvörðun þegar innviðagjöldin voru innleidd s.s. lögfræðiálit, minnisblöð og fundargerðir.

1. Hvenær voru innviðagjöldin innleidd í Reykjavík?
2. Á hvaða lagagrunni voru innviðagjöldin ákvörðuð?
3. Hvaða skipulagsreitir innan borgarmarkanna eiga að bera innviðagjöld?
4. Hvaða lóðir innan borgarmarkana bera innviðagjöld?
5. Hver er upphæð pr. m² á hverjum skipulagsreit fyrir sig?
6. Hver er upphæð pr. m² á hverri lóð fyrir sig?
7. Ef innviðagjöldin eru ekki þau sömu milli reita og lóða má þá ekki líkja slíkri ákvörðun við geðþóttaákvörðanir sem samrýmast ekki lögum?
8. Hverjar eru innkomnar tekjur Reykjavíkur af innviðagjöldum á hverjum reit/hverri lóð fyrir sig tæmandi talið frá upptöku innviðagjaldsins til 1. febrúar 2019?
9. Hverjar eru framtíðartekjur Reykjavíkur af innviðagjöldum á hverjum reit/lóð fyrir sig, sem samið hefur verið um frá og með 1. febrúar 2019?

Einnig er óskað eftir yfirliti yfir alla samninga sem hafa verið gerðir á þessum grunni hvað varðar fjárhæð hvers samnings sundurliðað eftir gjöldum tæmandi talið s.s. innviðagjald, byggingarréttargjald, gatnagerðargjöld o.s.frv.